

Skrá yfir gildandi aðstoðarkerfi sem varða endurgjald fyrir almannaþjónustu sem aðlaga þarf að rammaákvæðum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð í formi endurgjalds fyrir almannaþjónustu.

Með ákvörðun þann 25. janúar 2012 tók Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) upp nýjan kafla, *um rammaákvæði um ríkisaðstoð í formi endurgjalds fyrir almannaþjónustu*¹ (e. services of general economic interest, SGEI), [í leiðbeinandi reglur stofnunarinnar um ríkisaðstoð](#). Í rammaákvæðunum er m.a. kveðið á um að stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum beri að sýna fram á að þau hafi athugað á fullnægjandi hátt hversu mikil þörf er fyrir almannaþjónustuna sem styrkt er, annaðhvort í samráði við almenning eða með öðrum aðferðum sem teljast heppilegar til að taka tillit til hagsmuna notenda og þjónustuveitenda.

Í 70. mgr. rammaákvæðanna eru settar fram tillögur um viðeigandi ráðstafanir í skilningi 1. mgr. 1. gr. I. hluta [bókunar 3](#) við samning milli EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE-samningurinn) þess efnis að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum birti skrá yfir gildandi aðstoðarkerfi að því er varðar endurgjald fyrir almannaþjónustu sem nauðsynlegt er að breyta í samræmi við rammaákvæðin.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og velferðarráðuneytið komust að þeirri niðurstöðu að tilgreina skyldi starfsemi Íbúðalánasjóðs sem aðstoðarkerfi sem aðlaga þyrfti að rammaákvæðunum. Sjóðurinn sinnir almannaþjónustu í skilningi rammaákvæðanna, sbr. 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, einkum með því að veita eintaklingum langtímalán til húsnæðiskaupa á viðráðanlegum kjörum. ESA hefur komist að þeirri niðurstöðu að sjóðurinn njóti ríkisaðstoðar í formi ríkisábyrgðar (eigendaábyrgðar), vaxtaniðurgreiðslna, undanþágu frá arðsemiskröfu og greiðslu tekjuskatts og eiginfjárframlags til sjóðsins.

Undanfarin misseri hafa verið samþykktar ýmsar breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, og reglum sem gilda um Íbúðalánasjóð, í því skyni að aðlaga starfsemi hans betur að ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Frá því að ráðuneytin komust að framangreindri niðurstöðu hefur ESA lokið rannsókn sinni á fjármögnun og starfsemi sjóðsins, sbr. ákvörðun ESA [nr. 298/14/COL](#) frá 16. júlí 2014.² Frekari aðgerðir í því skyni að uppfylla skilyrði rammaákvæðanna munu því ekki koma til.

Engin önnur gildandi aðstoðarkerfi, sem nauðsynlegt er að breyta í samræmi við rammaákvæðin, eru til staðar á Íslandi.

Kaflinn um *rammaákvæði um ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannaþjónustu* er birtur í íslenskri þýðingu í [EES-viðbæti](#) við Stjórnartíðindi ESB [nr. 34, frá 13. júní 2014, bls. 17](#). Hann samsvarar

¹ Samanber 2. mgr. 59. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem fjallar um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.

² Fréttatilkynning á íslensku er aðgengileg á vef ESA, <http://www.eftasurv.int/press--publications/press-releases/state-aid/nr/2306>.

rammaákvæðum Evrópusambandsins um ríkisaðstoð sem fólgin er í endurgjaldi fyrir almannajónustu (e. *the European Union framework for State aid in the form of public service compensation* (2011)).

Rammaákvæðin eru hluti af nýlega endurskoðuðu *heildarregluverki* um ríkisaðstoð í formi endurgjalds fyrir starfrækslu þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, þ.e. almannajónustu, (e. state aid package for SGEI). Þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, þ.e. almannajónusta, er efnahagsleg starfsemi sem skilgreind hefur verið af hálfu hins opinbera sem mikilvæg þjónusta í þágu almennings og sem talið er að yrði ekki veitt eða ekki veitt undir sömu skilyrðum, ef ekki væri fyrir aðkomu hins opinbera (ríkis eða sveitarfélaga). Sem dæmi um slíka þjónustu má nefna pósthjónustu, almenningssamgöngur og félagsþjónustu.

Aðrir hlutar framangreinds *heildarregluverks* eru sem hér segir:

- [kaflí](#) í leiðbeinandi reglum ESA um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu (samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, *Communication from the Commission on the application of the European Union State aid rules to compensation granted for the provision of services of general economic interest*, OJ C 8 of 11.1.2012, p. 4);
- [reglugerð](#) framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem starfrækja þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (*Commission Regulation on the application of Articles 107 and 108 of the Treaty on the Functioning of the European Union to de minimis aid granted to undertakings providing services of general economic interest*, OJ L 114 of 26.04.2012, p. 8); og
- [ákvörðun](#) framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu („ákvörðun 2012/21/ESB“, *Commission Decision 2012/21/EU on the application of Article 106(2) of the Treaty on the Functioning of the European Union to State aid in the form of public service compensation granted to certain undertakings entrusted with the operation of services of general economic interest* (Decision 2012/21/EU) (OJ L 7 of 11.01.2012, p. 3).

Nánari upplýsingar um regluverk um ríkisaðstoð í formi endurgjalds fyrir almannajónustu má finna á [vef framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins](#) og á [vef Eftirlitsstofnunar EFTA](#).